

Ed.

1115. Nefndarálit

[448. mál]

um frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við málsaðila. Hefur komið fram að tryggingar vegna ríkisábyrgðar eru óljósar og ófullnægjandi. Jafnframt kom fram að engan veginn væri ljóst að þær ráðstafanir, sem í frumvarpinu felast, tryggja á nokkurn hátt stöðu þess fyrirtækis sem ætlunin er að aðstoða. Af þeim ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ :

Málið er illa undirbúið og engar upplýsingar fyrirbyggjandi um að hlutafé skili sér, né heldur að kaupleigusali sé tilbúinn að fallast á að ríkið gangi inn í kaupleigusamning. Þá er engan veginn ljóst að frumvarpið, þó að lögum verði, leysi nokkurn vanda til frambúðar fyrir ferðamannaíðnaðinn eða Arnarflug hf. Af þessum ástæðum samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að vinna betur að málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Magnús H. Magnússon,
frsm.

Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.